

SÓKN

-Sókn er besta vörnin

Tbl. 1 | 28. ágúst 2025

Sókn – Nýtt fréttabréf virkra félagsmanna!

Sókn er nýjung í upplýsingamiðlun og tengslum við virka félagsmenn Eflingar. Fréttabréfið verður vettvangur til að miðla fréttum úr kjarabaráttunni auk þess að segja frá viðburðum, námskeiðum, vettvangsferðum og öðru sem styrkir starf félagsins.

Markmiðið er að efla tengslanetið milli félagsfólks, fræða og hvetja og tryggja að virkt félagsfólk sé vel upplýst um það sem framundan er. Í hverju tölublaði verður að finna blöndu af fréttum, fræðslu og innblæstri.

Við hlökkum til að byggja Sókn upp með ykkur og fögnum öllum hugmyndum um efni og umfjöllunarefni sem styrkja okkur í sameiginlegri baráttu. Við stöndum saman og sækjum fram, því sókn er besta vörnin!



Vettvangsferðir og fjölgun trúnaðarmanna



Pau Bella, Roymer, Alexis, Karla, Bozena, Mary Jane og Edison heimsóttu vinnustaði og kynntu trúnaðarmannakerfi Eflingar.

Vettvangsferðir Eflingar halda áfram af fullum krafti og hafa reynst árangursríkur hluti af starfi félagsins. Við hittum fólk þar sem það er, hlustum á reynslu þess og tölum saman um hvað þarf að gera til að bæta kjör og aðstæður.

Heimsóknirnar eru skipulagðar í vöktum þar sem vettvangsfulltrúar heimsækja þrjá til fjóra vinnustaði. Skrifstofa Eflingar skipuleggur heimsóknirnar fram í tímann í samráði við vinnustaðina og þegar þangað er komið tala vettvangsfulltrúar við

félagsmenn Eflingar á staðnum um trúnaðarmannakerfið og réttindi félagsmanna.

Vettvangsheimsóknirnar hafa þegar skilað miklum árangri – á síðustu mánuðum höfum við fengið tugi nýrra trúnaðarmanna, og tengslanet félagsins hefur styrkst umtalsvert. Þessi kraftur heldur áfram að vaxa með hverri heimsókn, þar sem fleiri félagsmenn taka að sér hlutverk trúnaðarmanns og efla þannig getu félagsins til að verja réttindi og bæta kjör.

Vilt þú verða vettvangsfulltrúi?

Við hvetjum félagsmenn sem vilja taka þátt í þessu mikilvæga verkefni að sækja um að gerast vettvangsfulltrúar. Þetta er frábært tækifæri til að hafa áhrif, kynnast ólíkum aðstæðum félagsfólks og efla verkalýðshreyfinguna til muna. Sérstaklega er óskað eftir félagsmönnum sem tala fleiri tungumál en íslensku og ensku.

Sendu línu á felagsmal@efling.is og vertu með í næstu vettvangsferð!

Nýjung í starfi Eflingar – Byrjendanámskeið trúnaðarmanna

Nýr liður hefur bæst við fræðslustarf trúnaðarmanna – byrjendanámskeið fyrir nýja trúnaðarmenn. Allir sem taka að sér hlutverk trúnaðarmanns hefja nú ferðina á þessu stutta, markvissa námskeiði þar sem farið er yfir grundvallaratriði hlutverksins, réttindi og skyldur trúnaðarmanna, og leiðir til að takast á við mál á vinnustað.

Þátttakendur fá hagnýt verkfæri og innsýn sem styrkir þá í starfi frá fyrsta degi. Um er að ræða eins skiptis námskeið sem er eingöngu ætlað nýjum trúnaðarmönnum og stendur utan við hefðbundna námskeiðadagsskrá Eflingar.



Fyrsta byrjendanámskeiðið fór fram 10. júlí síðastliðinn.

Mark Bergfeld kemur í heimsókn til Eflingar



Efling stéttarfélag fagnar því að fá góðan gest að utan á fund Trúnaðarráðs, þann 4. september. Mark Bergfeld, deildarstjóri hjá UNI Global Union – Europa mun heimsækja Reykjavík í september. UNI Global Union er alþjóðleg regnhlíf yfir stéttarfelög í þjónustu- og umönnunargreinum um allan heim sem sameinar krafta milljóna launafólks í baráttunni fyrir betri kjörum og réttindum.



Megintilgangur heimsóknarinnar er að kynna fyrir Eflingu þau tækifæri, skyldur og ávinning sem fylgja aðild að UNI Global. Þetta felur meðal annars í sér kynningu fyrir stjórn Eflingar á fundi hennar 4. september, ásamt erindi á fundi Trúnaðarráðs sama dag sem mun fjalla um stöðu fólks í ræstingargeiranum.

Mark býr yfir mikilli reynslu úr alþjóðlegu verkalyðshreyfingunni og hefur unnið ötullega að skipulagningu og stuðningi við starfsfólk í umönnunar-, ræstingar- og öryggisgeiranum. Í erindum sínum mun hann fjalla um hag og baráttu fólks í ræstingargeiranum og hvernig Efling getur styrkt starf sitt með alþjóðlegu samstarfi.

Matur og menning 21. september!



Innocentia F. Friðgeirsson bar á borð dýrinds mat af ganverskum hætti á Mat og menningu í fyrra.

Langar þig að elda uppáhaldsréttinn frá þínu upprunalandi og deila honum með öðrum Eflingarfélögum í frábærum félagsskap? Þá er Matur og menning fyrir þig!

Matur og menning er viðburður þar sem félagsmenn Eflingar koma saman, borða góðan mat, fræðast og njóta fjölbreyttrar menningar. Sunnudaginn 21. september verður viðburðurinn

haldinn í þriðja sinn, í þetta skipti í Iðnó, Vonarstræti 3, Reykjavík.

Félagsfólk Eflingar kemur frá 144 mismunandi upprunalöndum – þetta er því einstakt tækifæri til að kynnst nýju fólki, efla samstöðu og smakka mat úr öllum áttum heimsins.

Félagið greiðir efniskostnað við matargerð fyrir þá sem koma með mat, gegn

skilum á kvittun. Efling sér um að útvega disk, hnífapör, servíettur og drykki. Skráning fer fram með eyðublaði á vefsíðu Eflingar, og þátttakendur fá nánari upplýsingar í tölvupósti þegar nær dregur.

Taktu þátt og gerum daginn ógleymanlegan – því samstaða fer best með góðum mat!

Trúnaðarmannanámskeið vetrarins hefjast í september

Fyrsta trúnaðarmannanámskeið vetrarins fer fram 8. september. Trúnaðarmenn frá opinbera geiranum og almenna geiranum sækja námskeiðið saman þar sem verður sérstaklega fjallað um gerð kjarasamninga og um fræðslustyrki Eflingar.

Á trúnaðarmannanámskeiðum Eflingar fá trúnaðarmenn hagnýta þjálfun í því sem skiptir mestu – að skipuleggja vinnustaðinn, verja réttindi félagsfólks og byggja upp sameiginlegan kraft til að knýja fram breytingar. Námskeiðin fjalla bæði um hlutverk og verkefni trúnaðarmanna, kjarasamninga og vinnuréttindi, og veita verkfæri til að styrkja tengsl og samstöðu á vinnustaðnum.

Hluti af dagskránni er markviss þjálfun í tjáningu og framkomu undir handleiðslu Sirrýjar Arnardóttur, fjölmiðlakonu og reynds námskeiðshaldara í mannlegum samskiptum.

Yfir veturinn munu einnig koma gestafyrirlesarar sem miðla reynslu úr verkafyrirlestunni, niðurstöðum rannsókna og sögulegu hlutverki hreyfingarinnar.

Dagsetningar námskeiða veturinn 2025–2026

ALMENNI VINNUMARKAÐURINN

- 8. september 2025 (mánudagur)
- 15. október 2025 (miðvikudagur)
- 13. nóvember 2025 (fimmtudagur)
- 18. desember 2025 (fimmtudagur)
- 13. janúar 2026 (þriðjudagur)
- 18. mars 2026 (miðvikudagur)
- 21. apríl 2026 (þriðjudagur)
- 28. maí 2026 (fimmtudagur)

OPINBERI VINNUMARKAÐURINN

- 8. september 2025 (mánudagur)
- 14. október 2025 (þriðjudagur)
- 12. nóvember 2025 (miðvikudagur)
- 17. desember 2025 (miðvikudagur)
- 12. janúar 2026 (mánudagur)
- 17. mars 2026 (þriðjudagur)
- 20. apríl 2026 (mánudagur)
- 28. maí 2026 (fimmtudagur)



Efling kynnir nýja launareiknivél - öflugt verkfæri fyrir félagsfólk

Efling stéttarfélag hefur sett á laggirnar öfluga nýja launareiknivél sem gerir félagsfólki kleift að reikna útborguð laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á einfaldan og aðgengilegan hátt. Hún hjálpar bæði félagsfólki og launagreiðendum að tryggja rétt laun

og veitir góða yfirsýn yfir launaflokk, réttindi og túlkun launaseðla.

Þetta er önnur reiknivélin sem Efling kynnir á þessu ári – í apríl var kynnt reiknivél fyrir orlofsuppbót. Báðar eru hluti af áherslum félagsins til að auka

gagnsæi í kjara- og launamálum og styrkja stöðu félagsfólks.

Reiknivélarnar eru aðgengilegar á vef Eflingar, bæði á íslensku og ensku.

Launareiknivél 2025

Kjarasamningur: ?

Almenni vinnumarkaðurinn SA

Mánuður: ?

Júlí 2025

Launaflokkur: ?

Enginn flokkur valinn

Sjá röðun launaflokka

Starfsaldur: ?

1 ár í starfsgrein (eða 22)

Upplýsingar um starfsaldur

Laun +

Ertu í vaktavinnu? ? ☐

Ertu í ræstingarstarfi? ? ☐

Starfshlutfall 100,0%

Mánaðarlaun 0 kr.

Ertu með Yfirvinnu? ? ☐

Fylgdu þessum QR-hlekk til þess að prófa launareiknivélina



Frádráttur -

Persónuafsláttur ?

100%

68.691 kr.

Er annar persónuafsláttur? ☐

Staðgreiðsla reiknast samtals 0 kr.

Persónuafsláttur til lækkunar er -68.691 kr.

Staðgreiðsluskattur er því 0 kr.

Sjá skiptingu skattþrepa

Fundir trúnaðarráðs 2025-2026

Fundirnir eru
klukkan 18:00

4. september 2025

16. október 2025

13. nóvember 2025

11. desember 2025

15. janúar 2026

12. febrúar 2026

12. mars 2026

9. apríl 2026

21. maí 2026

Trúnaðarmaður mánaðarins - Gintautas Varskevicius



Gintautas er einn af trúnaðarmönnum Eflingar á hjúkrunarheimilinu Eir.

Í hverju tölublaði kynnum við einn trúnaðarmann félagsins – manneskjuna á bakvið hlutverkið. Við spyrjum bæði léttra og alvarlegra spurninga um lífið innan og utan vinnunnar, reynsluna úr starfinu og hvað veitir

innblástur í baráttunni. Markmiðið er að félagsmenn fái að kynnst betur trúnaðarmönnum félagsins.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera utan vinnu?

„Lesi bækur, labba með hundinn minn, fara í sund, tína sveppi, horfa á Formúlu 1.“

Hvaða lag lýsir þér best?

„Shape of my heart frá Sting.“

Hvað fékk þig til að vilja vera trúnaðarmaður?

„Ég hef séð samstarfsmenn glíma við vandamál á vinnustað sem þeir vissu ekki hvernig þeir ættu að takast á við einir. Að vera trúnaðarmaður á vinnustað er líklega besta tækifærið til að bæta vinnustaðinn okkar og vinnuástandur. Ég vildi taka þátt í að skapa jákvæðar breytingar sem koma öllum starfsmönnum til góða.“

Hvað hefur komið þér mest á óvart í sambandi við að vera trúnaðarmaður?

„Það sem kom mér mest á óvart var hversu faglegt og vel skipulögð Efling er. Ég bjóst við einhverju óformlegu kerfi, en í staðin fann ég öfluga skipulagsheild og sterkan stuðning með skýrum verklagsreglum og mikilli þekkingu á vinnurétti.“

Hvað er það besta við að vera trúnaðarmaður?

„Ég hef lært svo margt um vinnurétt, samningagerð og úrlausn deilumála. Það besta við þetta er að vita að ég get raunverulega hjálpað til við að leysa vandamál fyrir samstarfsfélaga mína. Þegar einhver kemur til mín stressaður vegna ósanngjarnrar stöðu og ég get hjálpað viðkomandi að leysa úr því, þá er það ótrúlega gelfandi.“

Hvað gerðir þú skemmtilegt í sumar?

„Ég fór heim til Litháen í sumar og hitti gamla skólafélaga mína. Það voru miklir endurfundir þar sem það eru nákvæmlega 30 ár síðan við útskrifuðumst úr skóla. Það var ótrúlega gaman að sjá alla aftur og rifja upp gamla tíma.“

Fræðslusjóðir sameinaðir og styrkir hækka

Fræðslusjóðir sem Efling rekur með opinberum aðilum hafa nú verið sameinaðir í einn – Fræðslusjóð Eflingar og opinberra aðila. Með sameiningunni hækka styrkir til félagsmanna á opinbera markaðnum og jafnræði kemst á milli allra sem þar starfa.

Hámarksstyrkur til einstaklinga hækkar um 20 þúsund krónur og er nú 150 þúsund krónur. Þeir sem ekki hafa nýtt rétt sinn í tvö ár geta fengið allt að 300 þúsund krónur, og eftir þrjú ár allt að 450 þúsund krónur (áður 390 þúsund krónur).

Sjóðurinn Starfsafl fyrir félagsmenn á almenna markaðnum er áfram starfandi.

Fylgdu þessum QR-hlekk til að lesa meira

